
Upplýsingar um frambjóðendur á aðalfundi Símans

10. mars 2022 kl. 16:00

Eftirtaldir einstaklingar hafa gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins:

Arnar Þór Másson

Arnar hefur setið í stjórn Símans frá árinu 2021. Hann er sjálfstæður ráðgjafi og stjórnarmaður með fjölbreytta reynslu af einkamarkaði og frá hinu opinbera. Hann vinnur m.a. að ráðgjöf við fjárfestingar í endurnýjanlegri orku.

Arnar hefur verið í stjórn Marel frá 2001 og formaður stjórnar síðan 2021. Hann gegnir þar einnig formennsku í starfskjaranefnd og á sæti tilnefningarnefnd. Arnar situr í stjórn Festu- miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni á Íslandi.

Arnar var framkvæmdastjóri mannauðs og stefnumótunar hjá Isavia 2019-2020 og á árunum 2016-2019 sat hann fyrir Íslands hönd í stjórn European Bank for Reconstruction and Development (EBRD) í London. Bankinn starfar í Austur-Evrópu, Mið-Asíu og löndunum kringum Miðjarðarhaf og aðstoðar við að koma á fót virkum einkamarkaði með lánum og fjárfestingum. Arnar hefur einnig langa reynslu af störfum innan stjórnsýslunnar, fyrst í fjármálaráðuneytinu 2001-2010 og síðar sem skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu 2010-2016. Helstu verkefni hans í Stjórnarráðinu voru á sviði stefnumótunar, umbóta og hagræðingar.

Arnar er með meistarapróf í stjórnmálafræði frá London School of Economic and Political Science (LSE) og var um tíma aðjúnt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Hann hefur sótt námskeið fyrir stjórnarfolk í Harvard Business School og International Institute for Management Development (IMD).

Bjarni Þorvarðarson

Bjarni hefur setið í stjórn Símans frá árinu 2019. Hann er forstjóri og stjórnarmaður í Matorku ehf. sem og stjórnarformaður lyfjaframleiðandans Coripharma ehf. sem hann tók þátt í að stofna um mitt ár 2018. Auk þess að sinna öðrum fjárfestingarverkefnum situr Bjarni einnig í stjórn Blue Vacations.

Árið 2004 tók Bjarni að sér forstjórstöðu hjá nýstofnuðu fjarskiptafyrirtæki í eigu CVC, Hibernia Networks, og hélt þeirri stöðu þar til Hibernia var selt árið 2017, þá með 240 starfsmenn í 9 löndum og ljósleiðaranet sem náði til flestra af stærstu borga heims.

Eftir sölu- og stjórnunarstörf hjá Tölvusamskiptum og Tæknivali réðist Bjarni sem viðskipta- og sjóðsstjóri til Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og síðar, árið 2002, til fjárfestingarfyrirtækisins CVC í Bandaríkjunum og sat í stjórnun nokkurra af fjarskiptafyrirtækjum CVC á Íslandi, Bandaríkjunum, Kanada, Írlandi, Bretlandi, Hollandi, Indlandi og Ástralíu.

Bjarni lauk B.Sc. prófi í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1989 og síðar meistaraþráðum í rafmagnsverkfræði frá University of Wisconsin, Madison, 1991, í alþjóðaviðskiptum frá ISG í Paris 1993 og fjármálafræðum frá London Business School árið 1998.

Björk Viðarsdóttir

Björk hefur setið í stjórn Símans frá árinu 2021. Hún hefur verið framkvæmdastjóri hjá TM frá árinu 2016, og stýrir þar og ber ábyrgð á daglegum rekstri tjonapjónustu félagsins. Þá hefur Björk jafnframt setið í framkvæmdastjórn félagsins frá sama tíma. Björk gegndi ennfremur stöðu framkvæmdastjóra TM líftrygging hf. dótturfélags TM á árinu 2020 fram til júní 2021 og lauk í því skyni hæfismati hjá Fjármálaeftirlitinu.

Frá árinu 2010 gegndi Björk stöðu forstöðumanns persónutjóna hjá TM en hún hóf störf sem lögfræðingur hjá félaginu haustið 2008. Einnig hefur Björk sinnt málflutningi fyrir TM samhliða öðrum verkefnum.

Fyrir utan reynslu af störfum hjá félagi á váttryggingarmarkaði hefur Björk starfað innan stjórnsýslunnar, en hún var lögfræðingur hjá Útlendingastofnun og síðar forstöðumaður á árunum 2005-2007.

Björk lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2004 og réttindum til málflutnings fyrir héraðsdómstólum árið 2009.

Jón Sigurðsson

Jón Sigurðsson er stjórnarformaður Símans hf. og hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2019. Hann er jafnframt forstjóri fjárfestingafélagsins Stoða hf., sem er stærsti hluthafi Símans. Jón er fæddur 1978 og er viðskiptafræðingur að mennt. Jón hefur starfað á íslenskum og erlendum fjármálamarkaði í u.þ.b. 20 ár, ýmist sem stjórnandi, fjárfestir, ráðgjafi eða stjórnarmaður.

Jón starfaði við fyrirtækjaráðgjöf hjá Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands á árunum 2002-2005 og sem framkvæmdastjóri fjárfestingasviðs og síðar forstjóri Stoða frá 2005-2010. Jón hefur setið í stjórnnum fjölmargra félaga, skráðra jafnt sem óskráðra, innanlands sem og erlendis. Jón sat m.a. í stjórn Refresco B.V. á árunum 2006-2018 og tók virkan þátt í uppbyggingu Refresco, m.a. kaupum fjölmargra félaga og sameiningu

þeirra, skráningu á Euronext Amsterdam og loks sölu Refresco og afskráningu. Þá sat Jón í stjórn N1 (nú Festi) á árunum 2014 til 2018 en miklar breytingar urðu á rekstri og efnahag N1 á því tímabili, sem lauk með kaupum N1 á Festi. Jón hefur hin síðari ár sinnt eigin fjárfestingum, m.a. í gegnum Helgafell og Stoðir, en Helgafell á óbeinan 29% eignarhlut í Stoðum.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Sigrún Ragna er varaformaður stjórnar Símans og hefur setið í stjórn Símans frá árinu 2021. Sigrún Ragna hefur verið sjálfstætt starfandi ráðgjafi og stjórnarmaður frá árinu 2018. Hún er stjórnarformaður Stefnis hf. og Auðkennis hf.

Sigrún Ragna var forstjóri Mannvits hf. frá 2017 til 2018, forstjóri Vátryggingafélags Íslands og Líftryggingafélags Íslands frá 2011 til 2016, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og rekstrarsviðs Íslandsbanka hf. frá 2008 til 2011, framkvæmdastjóri fjárhagssviðs Glitnis banka hf. frá 2007 til 2008 og endurskoðandi og meðeigandi hjá Deloitte hf. og forverum

þess frá 1987 til 2007. Sigrún Ragna hefur setið í fjölda stjórna og nefnda tengt störfum fyrir fyrrgreind fyrirtæki. Þá sat hún í stjórnnum eftirtalinna fyrirtækja um árabil, Vörður tryggingar hf., Reiknistofa bankanna, Creditinfo Group hf. og Creditinfo Lánstraust hf.

Sigrún Ragna sat í stjórn Viðskiptaráðs frá 2012 til 2020 og í framkvæmdastjórn ráðsins frá 2012 til 2016 auk þess sem hún gegndi starfi varaformanns frá 2014 til 2016. Þá sat hún í stjórn Samtaka atvinnulífsins frá 2014 til 2016, var í stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja frá 2011 til 2016 og var varaformaður samtakanna frá 2014 til 2016.

Sigrún Ragna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, fékk löggildingu sem endurskoðandi árið 1990 og er með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík.

Eftirtaldir aðilar hafa verið tilnenfdir til setu í tilnefningarnefnd félagsins:

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Jensína er með MBA gráðu frá University of San Diego með áherslu á markaðsmál og neytendahegðun, og BS gráðu í auglýsingafræði frá San Jose State University. Jensína hefur frá árinu 2020 verið framkvæmdastjóri og meðeigandi Vinnvinn, ráðningar og ráðgjöf.

Jensína var Associate Partner hjá alþjóðlega ráðgjafafyrirtækinu Valcon frá 2019-2020 og framkvæmdastjóri hjá Alvogen, VP Global Strategic Planning & HR, 2015-2019. Þar áður var hún framkvæmdastjóri þróunar og mannauðs hjá Landsbankanum 2010-2015

og sem forstöðumaður sölu á einstaklingssviði Símans 2007-2010. Hún var einnig markaðsstjóri Globus 2004-2007 og framkvæmdastjóri IMG Gallup 2001-2004.

Jensína hefur setið í stjórn Haga frá 2020 og í stjórn Íslandssjóða frá 2016. Hún sat í stjórn Frumtaks 2010-2016, varamaður í stjórn Framtakssjóðs Íslands 2011-2015 og stjórnarmaður og lengst af stjórnarformaður Reiknistofu bankanna 2010-2012. Jensína hefur verið formaður tilnefningarnefndar Símans frá 2018 og formaður tilnefningarnefndar VÍS frá 2020.

Steinunn Kristín Þórðardóttir

Steinunn Kristín er með meistaragráðu í alþjóðlegri stjórnun (MIM) frá Thunderbird School of Global Management í Arizona þar sem hún sérhæfði sig í fjármálum. Einnig er Steinunn með BA gráðu í alþjóðaviðskiptum og stjórn málafræði frá University of South Carolina. Steinunn Kristín er fjárfestir í Noregi og vinnur einnig sem fjármálastjóri Arundo Analytics AS sem er hugbúnaðarfyrtæki fyrir stóriðju. Einnig er Steinunn stjórnarmaður í Arion Banka hf. og Cloud Insurance AS, en hún hefur í gegnum tíðina setið í stjórnnum evrópskra fyrirtækja sem eru starfandi á sviði fjármála, hugbúnaðar og verslunar. Steinunn hefur verið búsett og starfað víða um heim og er nú staðsett í Osló, Noregi.

Áður starfaði Steinunn hjá Acton Capital sem veitir fyrirtækjum ráðgjöf á sviði stefnumótunar og fjármála en hún er stofnandi fyrirtækisins. Á árunum 2015 til 2017 starfaði Steinunn sem framkvæmdastjóri hjá Beringer Finance í Noregi og á árunum 2010-2015 starfaði hún við ráðgjöf í gegnum eigið fyrirtæki og sinnti stjórnarstörfum. Steinunn starfaði hjá Íslandsbanka (síðar Glitni) frá árinu 2001, fyrst sem forstöðumaður alþjóða lánvestinga og sambankalána til ársins 2005 og síðar sem framkvæmdastjóri bankans í Bretlandi frá 2005 til 2008.

Sverrir Briem

Sverrir er með BA gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands og meistaragráðu í sama fagi frá Kaupmannahafnarháskóla. Hann sérhæfði sig í starfsmannavali og viðtalstækni hjá BI Norwegian Business School og er með próf í verðbréfavíðskiptum. Sverrir hefur starfað sem ráðgjafi hjá Hagvangi frá árinu 2012 og varð meðeigandi í byrjun árs 2019.

Á árunum 2004-2006 var Sverrir viðskiptastjóri á auglýsingastofunni Gott Fólk og starfaði í markaðsdeild Landsbankans frá 2006-2008. Fram til 2010 var Sverrir vörumerkjastjóri hjá Nóa Síríus en starfaði svo sem klínískur sálfræðingur í Noregi frá 2010 til 2012, þar til hann fór til Hagvangs. Hans sérsvið hjá Hagvangi hafa verið stjórnendaráðningar og aðrar lykilráðningar og hefur hann á undanförunum árum komið að fjölmörgum ráðningum í íslensku atvinnulífi.